

Tillaga stjórnar til breytinga á lögum Golfklúbbsins Keilis lögð fram á aðalfundi þann ... desember 2024:

1. gr.

8. gr. breytist og hljóði svo (breytingatillögur í bláu letri):

Stjórn Keilis skipa sjö félagsmenn. Stjórnin skal kosin á aðalfundi. Formann stjórnar skal kjósa sérstaklega til eins árs í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára, þrjú hvert ár. Framboð til stjórnar skulu berast skrifstofu Keilis eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Heimilt er að hafa kosningar með rafrænum hætti. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs m.a. varaformann sem er staðgengill formanns. Fundargerðir skulu haldnar um fundarstörf stjórnar. Ársreikningar félagsins skulu skoðaðir og áritaðir af ~~skoðunarmanni eða skoðunarfélags~~ skoðunarmönnum reikninga sem ~~skulu kosnir skal kosinn~~ á aðalfundi félagsins eða endurskoðaðir af endurskoðunarfyrtæki. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum í félaginu, nema annars sé getið í lögum þessum. Stjórn er ályktunarhæf þegar fimm stjórnarmenn sækja fund, þar á meðal formaður eða staðgengill hans. Verði atkvæði jöfn á stjórnarfundum telst tillaga að svo stöddu fallin og skal hún þá tekin til afgreiðslu að nýju eins fljótt og kostur er að viðstöddum öllum stjórnarmönnum. Kjörgengir til stjórnarstarfa eru allir lögráða félagsmenn. Atkvæðisrétt á félagsfundum og kjörgengi til annarra trúnaðarstafa hafa allir félagsmenn sem skuldlausir eru við klúbbinn og orðnir eru fullra sextán ára á fundardegi. Stjórnarmenn skulu undanþegnir árgjöldum. Stjórnin ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður ráðningarkjör hans. Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri félagsins í samræmi við stefnumörkun stjórnar.

2. gr.

5. tölul. 13. gr. breytist og hljóði svo (breytingatillögur í bláu letri):

Kosning ~~skoðunarmanns eða skoðunarfélags~~ tveggja skoðunarmanna reikninga eða endurskoðunarfyrtækis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð:

Stjórn Keilis bærust nýverið tilmæli frá ÍSÍ um að betur færi á því að í lögum félagsins væri mælt fyrir um að reikningar félagsins væru annað hvort skoðaðir af tveimur kjörnum skoðunarmönnum, í stað eins, eða af endurskoðunarfyrtæki.

Stjórn Keilis telur rétt að verða við tilmælum ÍSÍ, en telur jafnframt mikilvægt í ljósi kostnaðar að það sé lagt í hendur stjórnar hverju sinni að leggja fram tillögu um hvort framkvæmd skuli löggild endurskoðun ársreiknings eður ei. Meginreglan verði sú eftirleiðis að skoðun reikninga annist tveir kjörnir skoðunarmenn.

Sniðið: Inndráttur meginmáls, Jafnað